

STJÓRNARSKIPUNARLÖG

97

16. des.

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920,
sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á stjórnarskipunarlög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. málgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málgr., svo hljóðandi: Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnarskipunarlögum Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnarskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

98

16. des.

um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjafi 29. des. 1924,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Forsætisráðherra dr. juris Björn Þórðarson fer með öll þau mál, er samkvæmt konungsráðgjafi 29. des. 1924 heyra undir forsætisráðherra, nema utanríkismál. Auk þess fer hann með kirkjumál, heilbrigðismál, — þar undir sjúkrahús og heilsu-
hæli, — svo og tryggingamál, sveitarstjórnarmál, — þar undir fátækramál og atvinnubótafé.

Utanríkis- og atvinnuáráðherra Vilhjálmur Þór fer með utanríkismál og þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherrum.

Dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einar Arnórsson fer með öll þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherra.

- 98 Fjármála- og viðskiptamálaráðherra Björn Ólafsson fer með öll þau mál, er
16. des. samkvæmt téðum konungsúrskurði heyra undir fjármálaráðherra, og auk þess
verzlunarmál, önnur en útflutningsverzlun.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

- 99
19. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laga nr. 79/1942 orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið með auglýsingu, að ekki megi frá útgáfudegi auglýsingar og þar til nánar verður ákveðið, þó ekki lengur en til loka febrúarmánaðar 1943, selja nokkra vöru í heildsölu eða smásölu, innlenda eða erlenda, við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað hinn 18. des. 1942. Sams konar bann við hækkan verðlags má og láta taka til farmgjalda og flutninga á landi, sjó og í lofti, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks. Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi ráðuneytisins vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vöru og verðmæti, sem í 1. málsg. segir, þar á meðal hámark álagningar, umboðs-launa og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur dómnefnd og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Ákvæði 1. og 2. málsg. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum milli réttra aðila.

2. gr.

1. málsliður 3. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerð, er sett kynni að verða samkvæmt þeim, eða ákvæðum auglýsingar samkvæmt 1. mgr. 5. gr., varða sektum frá 100—100000 krónum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.